

278. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 15. MAÍ 2018 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Fjármál
 - a) Fundargerð fjármálahóps dags 9. maí 2018.
 - b) Breiðholtskirkja, ástandsskoðun.
 - c) PV, afmælisguðfræðiráðstefna.
 - d) Æskulýðsmál, styrkbeiðni.
- 3) Fasteignir
 - a) Fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps dags. 14. maí 2018.
 - b) Oddi, erindi varðandi leyfi til fornleifarannsókna.
 - c) Prestsetur að Eiðum. lóðarblað og forkaupsréttur.
 - d) Breiðabólsstaður, ósk um leigu á landi.
 - e) Staðastaður, veiði í Staðará. Ósk um leigu.
 - f) Saurbær á Hvalfjarðarströnd, yfirmat vegna tjóns á hitaveitulögn.
 - g) Hof í Vopnafirði, erindi fyrrum sóknarprests.
 - h) Bergþórshvoll, landgræðslubréf.
 - i) Seyðisfjörður, endurbætur prestbústaðar.
 - j) Valþjófsstaður, línulögn.
- 4) Málefni Skálholts
 - a) Bókanir 47. fundar stjórnar Skálholtsstaðar.
 - b) Skálholt, verkefnisstjórn.
- 5) Alþingi, 269. mál til umsagnar.
- 6) Formennska í nefndum á vegum þjóðkirkjunnar.
- 7) Formennska í stjórn kirkjumíðstöðvarinnar við Vestmannsvatn.
- 8) 278. kirkjuráðsfundur, mál frá biskupi.
- 9) Prestafélag Vestfjarða, ályktun til biskups og kirkjuráðs 2018.
- 10) Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:30. Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Einar Karl Haraldsson í forföllum Svönu Helenar Björnsdóttur og Stefán Magnússon,

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Þorvaldur Víðisson biskupsritari og Guðrún Finnbjarnardóttir ritari kirkjuráðs sem ritaði fundargerð.

2. FJÁRMÁL

a) *Fundargerð fjármálahóps dags. 9. maí 2018.*

Tekið fyrir 1. mál, stefnt er að heildarendurskoðun á fjárhagsáætlun kirkjumálasjóðs eftir útkomu á rekstrarstöðu fyrir fyrri árshefning.

b) *Breiðholtskirkja, ástandsskoðun.*

Lögð fram skýrsla Verkís.

c) *PV, afmælisguðfræðiráðstefna.*

Lagt fram erindi félagsins. Kirkjuráð bendir umsækjanda á reglur um úthlutun styrkja úr sjóðum kirkjunnar.

d) *Æskulýðsmál, styrkbeiðni.*

Lagt fram erindi Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis en erindið hafði upphaflega verið lagt fram með bréfi dags. 18. október 2017 en hafði ekki hlotið viðhlítandi afgreiðslu. Árið áður hafði verið veittur 700. þ.kr. styrkur til fræðslusjóðs prófastsdæmisins. Kirkjuráð ályktar að vísa erindinu til endurskoðunar fjárhagsáætlunar kirkjumálasjóðs.

3. FASTEIGNIR

a) *Fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps dags. 14. maí 2018.*

Tekið fyrir 1. mál, Holt í Önundarfirði, heimagisting, kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að vekja athygli sóknarprests á að skv. starfsreglum ber honum að fá heimild kirkjuráðs til að reka heimagistingu í prestbústaðnum. Kirkjuráð samþykkir tillögu starfshópsins vegna viðhalds prestbústaðarins.

Tekið fyrir 2. mál. Kirkjuráð samþykkir tillögu starfshópsins um að fasteignasviði verði falið að kanna stöðu skipulagsvinnu í Stafholti.

Tekið fyrir 3. mál. Kirkjuráð samþykkir tillögu starfshópsins og staðfestir umboð sr. Þuríðar Bjargar Wium Árnadóttur vegna veiðifélags Hofsár.

Tekið fyrir 4. mál. Kirkjuráð samþykkir að fengið verði verðmat á prestbústaðinn á Hofsósi.

Tekið fyrir 5. mál. Kirkjuráð samþykkir að fasteignasviði verði falið að leggja mat á erindi sóknarprestsins á Breiðabólstað um leigu á landspildu.

6. mál er tekið fyrir undir sérstökum dagskrárlíð.

Tekið fyrir 7. mál. Kirkjuráð samþykkir afgreiðslu starfshópsins og felur ábúanda í Reykholti að leiða til lykta breytingar á lóðamörkum skv. framlögðum gögnum hans.

b) *Oddi, erindi varðandi leyfi til fornleifarannsókna.*

Kirkjuráð samþykkir erindið.

c) *Prestsetur að Eiðum. lóðarblað og forkaupsréttur.*

Kirkjuráð samþykkir drög að lóðarblaði og jafnframt að landeigandi fái forkaupsrétt að húsinu, samþykki hann útgáfu lóðarblaðsins.

d) *Breiðabólstaður, ósk um leigu á landi.*

Málið áður tekið fyrir undir líð 3. a. og þar afgreitt með ályktun.

e) *Staðastaður, veiði í Staðará. Ósk um leigu.*

Lögð fram tvö erindi varðandi málið. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að freista þess að ná samkomulagi um skiptingu veiða í sumar sem byggi á tillögu fyrrum formanns Stangaveiðifélags Íslands. Náist ekki samkomulag á þessum grundvelli verði hugað að aðkomu Fiskistofu að málinu á grundvelli 8. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

f) *Saurbær á Hvalfjarðarströnd, yfirmat vegna tjóns á hitaveitulögn.*

Lagt fram bréf lögmanns kirkjuráðs. Kirkjuráð samþykkir málsmeðferðina.

g) *Hof í Vopnafirði, erindi fyrrum sóknarprests.*

1. Kirkjuráð hefur þegar boðist til að greiða þá fjárhæð sem metið var að virði eignarinnar hækkaði um.

2. Úttekt á prestsetursjörðinni Hofi. Kirkjuráð áréttar að hafi ábúandi athugasemdir við úttekt ábúðarjarðar sinnar hefur hann rétt til að vísa henni til yfirmats, það gerði hann ekki og því stendur hún.

3. Fasteignahópi falið að taka málefni Hofis til skoðunar.

h) *Bergþórshvoll, landgræðslubríf.*

Lagt fram erindi Runólfs Maack. Kirkjuráð ályktar að fela fasteignasviði að afla samninga Landgræðslunnar um uppgræðslu á svæðinu þannig að leggja megi mat á erindið.

i) *Seyðisfjörður, endurbætur prestbústaðar.*

Lögð fram áætlun Verkís um endurbæturnar. Málinu vísað til umfjöllunar í kirkjustarfs- og fasteignahópi.

j) *Valþjófsstaður, línulögn.*

Málið áður á dagskrá 276. fundar og þar samþykkt. Kirkjuráð samþykkir hið breytta tilboð

og áritar það til samþykkis landeiganda. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra að undirrita önnur skjöl málsins.

4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

a) *Bókanir 47. fundar stjórnar Skálholtsstaðar.*

Fundargerðin lögð fram. Tekin fyrir beiðni um staðfestingu kirkjuráðs á því að Skálholtsstað sé heimilt að innheimta fast gjald af hverjum hópferðabíl sem hefur viðkomu með ferðamenn. Kirkjuráð samþykkir erindið. Tekið fyrir erindi varðandi aukafjárveitingu til Skálholts vegna nokkurra tilgreindra mála. Kirkjuráð ályktar að vísa þeim til endurskoðunar fjárhagsáætlunar kirkjumálasjóðs.

b) *Skálholt, verkefnisstjórn.*

Kirkjuráð samþykkir svohljóðandi ályktun:
Á 276. fundi kirkjuráðs hinn 10. apríl s.l. voru til umræðu málefni Skálholts í tilefni af bókun 44. fundar stjórnar Skálholtsstaðar. Á fundi kirkjuráðsins kom fram tillaga um að rætt yrði við ráðgjafa um framhald málsins og hugsanlega aðkomu ráðgjafarfyrirtækisins Alta að því. Kirkjuráð fagnar aðkomu ráðgjafans að uppbyggingarmálum í Skálholti. Kirkjuráð býður hann velkominn til samstarfs og felur framkvæmdastjóra að leggja drög að samningi við hann um verkið.

5. ALÞINGI, 269. MÁL TIL UMSAGNAR

Kirkjuráð felur lögfræðingi kirkjumálasjóðs að skrifa umsögn um frumvarpið þar sem sú afstaða kirkjuráðs að leggjast gegn því er rökstudd.

6. FORMENNSKA Í NEFNDUM Á VEGUM ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Erindið lagt fram. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

7. FORMENNSKA Í STJÓRN KIRKJUMIÐSTÖÐVARINNAR VIÐ VESTMANNSSVATN

Erindið móttakið. Fráfarandi formanni eru þökkuð góð störf fyrir stjórn kirkjumiðstöðvarinnar.

8. 278. KIRKJURÁÐFUNDUR, MÁL FRÁ BISKUPI

Lagt fram erindi biskups.

Tekinn fyrir 1. liður, framlagning þriggja ára framkvæmdaáætlunar fasteignasviðs. Lögð fram samantekt framkvæmdastjóra um brunabótamat fasteigna kirkjumálasjóðs um síðustu áramót og viðhaldspörf þeirra.

Tekinn fyrir 4. liður, ráðning jafnréttisfulltrúa Þjóðkirkjunnar. Vísað er til bókunar kirkjuráðs á fundi 9. mars 2018 þar sem framkvæmdastjóra var falið að láta kanna undir hvaða starfsemi fella mætti starfið og gera þá viðeigandi tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun. Framkvæmdastjóri upplýsti að starf jafnréttisfulltrúa Þjóðkirkjunnar gæti fallið undir kirkjumálasjóð eða kristnisjóð en hvorugur sjóðurinn gæti að óbreyttu tekið á sig frekari skuldbindingar.

9. PRESTAFÉLAG VESTFJARÐA, ÁLYKTUN TIL BISKUPS OG KIRKJURÁÐS 2018

Ályktunin lögð fram til kynningar.

10. ÖNNUR MÁL

- a) *Skipun formanns stjórnar Skálholtsútgefunnar.*
Kirkjuráð ályktar að skipa Sr. Örnu Grétarsdóttur.
- b) *Kosningar til kirkjuþings.*
Lagt fram bréf kjörstjórnar Þjóðkirkjunnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:24.

Næsti fundur er áætlaður 12. júní 2018.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Séra Elínborg Gísladóttir

Séra Gísli Gunnarsson

Einar Karl Haraldsson

Stefán Magnússon